

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

### 1. gr.

Í stað orðanna „tilskipun ráðsins nr. 94/58/EB frá 22. nóvember 1994, um lágmarkspjálfun sjómanna, sbr. tilskipun ráðsins nr. 98/35/EB frá 25. maí 1998“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB um lágmarkspjálfun sjómanna, með síðari breytingum, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB.

### 2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar orðskýringar sem orðast svo:

20. *ISM-kóðinn* er alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, sem samþykktur var af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993, með áorðnum breytingum.
21. *Viðurkennd stofnun* er aðili sem er viðurkenndur í samræmi við reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga, sbr. tilskipun 94/57/EB.

### 3. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

### 4. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Um umsóknir um viðurkenningu á réttindum sem lögbært yfirvald í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu gefur út til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Um umsóknir um viðurkenningu á réttindum sem gefin eru út af ríkjum öðrum en ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

## 5. gr.

Á eftir 9. gr. laganna bætist við ný grein, 9. gr. A, sem orðast svo:

*Alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi.*

Á flutningaskipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri og farþegaskipum sem lög þessi taka til skal fylgt ákvæðum A-hluta ISM-kóðans um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir. Skal Siglingastofnun eða viðurkenndur aðili gefa út samræmisskjal og öryggisstjórnunarskírteini í samræmi við ISM-kóðann.

Siglingastofnun er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 6., 7., 9., 11. og 12. gr. kóðans, enda séu teknar upp ráðstafanir sem veiti sambærilega vernd og kveðið er á um í kóðanum.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um:

1. skip sem eru nýtt eingöngu í þágu hins opinbera en ekki í atvinnuskyni,
2. skip sem ekki eru knúin áfram með vélrænum hætti, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, skemmtisnekkjur og skemmtibátar nema þau séu eða verði mönnuð og látin flytja fleiri en 12 farþega í atvinnuskyni,
3. farþegaskip í flokki C og D eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum nr. 666/2001, með síðari breytingum, nema þau séu ekjufarþegaskip.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 17. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „og mönnun skipa“ í 1. másl. kemur: mönnun skipa og alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi.
- b. Í stað orðanna „Ákvæði reglugerðarinnar“ í 2. másl. kemur: Ákvæðin.

## 7. gr.

Lög þessi innleiða í íslenskan rétt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95, sem tekin var upp í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 21. maí 2008.*